



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Viðauki við sóknaráætlun
höfuðborgarsvæðisins 20/20

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki

5/19/2010

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Náttúran.....	7
1.1 Náttúru borg	7
Náttúran.....	9
1.2 Nálægð við náttúru	9
Náttúran.....	10
1.3 Veðurfar	10
Náttúran.....	11
1.4 Eldfjallagarður (flekaskilin)	11
Náttúran.....	12
1.5 Björgunarþekking.....	12
Heilsulindir	13
2.1 Lauga- útivistarborg	13
Heilsulindir	15
2.2 Heilsusetur (skurðaðgerðir, afvötnun, offitusjúklingar).....	15
Heilsulindir	16
2.3 Heilsutengd uppbygging í Laugardal	16
Heilsulindir	17
2.4 Vistvæn matargerð.....	17
Menning, mannlíf og listir.....	19
3.1 Menningar og friðarborg norðursins.....	19
Menning, mannlíf og listir.....	21
3.2 Sagnarhefð íslendinga	21
Menning, mannlíf og listir.....	22
3.3 Alþjóðlegt listsetur	22
Menning, mannlíf og listir.....	23
3.4 Áttagatengd ferðaþjónusta	23
Menning, mannlíf og listir.....	24
3.5 Beint úr sjó, veitingastaðir.....	24
Menning, mannlíf og listir.....	25
3.6 Frístundamiðstöð	25

Menning, mannlíf og listir.....	26
3.7 IMMI (Iceland Modern Media Initiativ).....	26
Menning, mannlíf og listir.....	27
3.8 Miðstöð verslunar.....	27
Menning, mannlíf og listir.....	28
3.9 Hafnarfjörður.....	28
Úrvinnsluiðnaður.....	29
4.1 Fullvinnslu borg.....	29
Úrvinnsluiðnaður.....	30
4.2 Lyfjaframleiðsla.....	30
Úrvinnsluiðnaður.....	31
4.3 Metanframleiðsla.....	31
Úrvinnsluiðnaður.....	32
4.4 Koltrefjaverksmiðja.....	32
Úrvinnsluiðnaður.....	33
4.5 Skiptisamningar.....	33
Græn orka og hreint og kalt vatn.....	35
5.1 Vistvæn borg.....	35
Græn orka og hreint og kalt vatn.....	36
5.2 Hreinar vörur úr plöntu og dýraríkinu.....	36
Græn orka og hreint og kalt vatn.....	37
5.3 Sjálfbær kæling m.a. fyrir gagnaver.....	37
Græn orka og hreint og kalt vatn.....	38
5.4 Repjuólía til orkuframleiðslu.....	38
Græn orka og hreint og kalt vatn.....	39
5.5 Gæludýrafóður til útflutnings.....	39
Þekkingarsamfélagið vísindi, rannsóknir, menntun.....	41
6.1 Þekkingar samstarf.....	41
Þekkingarsamfélagið vísindi, rannsóknir, menntun.....	42
6.2 Rannsóknir á nýtingu auðlinda hafsins.....	42
Þekkingarsamfélagið vísindi, rannsóknir, menntun.....	43
6.3 Alþjóðlegt menntunar og þekkingarsetur.....	43
Þekkingarsamfélagið vísindi, rannsóknir, menntun.....	44

6.4 Nýting áfallaþekkingar.....	44
Lega landsins	45
7.1 Samskipta borg	45
Lega landsins	46
7.2 Nýjar siglingaleiðir.....	46
Lega landsins	47
7.3 Nálægð við alþjóðflugvöll	47
Lega landsins	48
7.4 Tímabelti.....	48

Inngangur

Viðauka þessum við sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins er ætlað að auðvelda þeim sem áhuga hafa á að nýta sér þær hugmyndir sem framkomu á þjóðfundi höfuðborgarsvæðisins í mars 2010.

Áhugasamir eru hvattir til þess að vinna áfram með þessar hugmyndir og eru þeir óbundnir af því að fara aðrar leiðir en hér eru nefndar ef þeir telja það henta.

Þær mismunandi viðskiptahugmyndir sem fram komu eru settar fram með það fyrir augum að auka hagsæld og atvinnu á höfuðborgarsvæðinu. Byrjað er á að skoða umhverfið eins og það er í dag og mögulega stöðu viðkomandi viðskiptahugmynda, síðan er bent á hvaða nýju vörur og nýju markaðir gætu verið áhugaverðir. Einnig er bent á hvaða svæði og stofnanir innan og utan höfuðborgarsvæðisins væri áhugavert að fara í samstarf við til að auka styrkleika viðskiptahugmynda.

Bent er á hvaða áherslum Sóknaráætlun 20/20 þyrfti að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings þeirri sérstöðu sem viðskiptahugmyndirnar byggja á. Einnig er bent á hvaða annan stuðning stoðkerfi og stjórnarsýlan ættu að beita til að greiða götu viðskiptahugmynda eftir því sem við á.

Þær hugmyndir sem urðu til á þjóðfundi höfuðborgarsvæðisins og hér eru settar fram eru vonandi einungis byrjunin á áhugaverðri þróun á höfuðborgarsvæðinu þar sem einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir nýti sér þessar hugmyndir til að byggja ofan á og vinna áfram með.

Náttúran

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki


1.1 Náttúru borg

- 1.1.1 Fjölbreytt landslag
- 1.1.2 Sveit í borg og íslenski hesturinn
- 1.1.3 7 tinda ganga

Staða sérstöðunnar nú:

Höfuðborgin og höfuðborgarsvæðið nýtur þeirra sérstöðu meðal annarra höfuðborga að vera umlukin fjallgarði á aðra hönd og strandlengju á hina það vantar þó að tengja þessi svæði og bjóða upp á almenningssamgöngur fyrir fólk til og frá þessum stöðum.

Hér er tækifæri til m.a. að bjóða upp á sérstakar skipulagðar skoðunarferðir fyrir þá sem vilja upplifa náttúruna í nágrenni höfuðborgarinnar. Hægt er að bjóða útlendingum upp á bíl-, hjóla-, reið- eða gönguferðir þar sem bæði er hægt að fara í dagsferðir og lengri ferðir með gistingu í skálum og tjaldi á leiðnni. Hægt er að bjóða upp á slíkar ferðir einar og sér eða tengja þær saman til að auka á upplifunina. Einnig er hægt að tengja þessar ferðir skoðn á virkjunum á Nesjavöllum og á Hengilsvæðinu að ógleymsdu því að fara í heitar laugar á eftir.



Landslag ehf. hefur verið að vinna að hugmyndum um fjórar mismunandi leiðir um höfuðborgarsvæðið rauða, gula, græna og bláa leið. Rauða leiðin sem er svokallaður Fjallahringur (trússleið) sem tekur 3-5 daga á hesti og hægt er að nýta skála sem eru á leiðinni. Gula leiðin er í gegnum heiðarnar og er 2-4 daga tjaldferð. Græna leiðin er svokallaður Græni trefill sem verið er að vinna að í Aðalskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Einnig er stór hluti bláu leiðarinnar nú þegar tilbúinn en sú leið er hjóla- og gögnustígur meðfram strandlengjunni. Hægt er að vinna áfram með þessar hugmyndir og gera þær allar að raunveruleika. Það má byrja á að nýta það sem fyrir er og vinna að því að gera betri stíga þar sem þörf er á og jafnvel setja kláfa upp á fjöll svo hægt sé að njóta útsýnis yfir höfuðborgarsvæðið, þar hefur Esjan sérstaklega verið nefnd.

Nýjar vörur: Efling ferðaþjónustu og styrkja vitund ungmenna um lífsgæði tengd náttúrunni, ævintýraferðir innan höfuðborgarsvæðisins fyrir erlenda og innlenda ferðamenn, gönguferðir, hestaferðir, dagsferðir og lengri ferðir. Þegar eru til nokkuð góð kort þar sem hægt er að sjá áhugaverðar göngu- og reiðleiðir.

Sveit í borg felur í sér hugmynd um að bjóða fólki að taka þátt í sveitastörfum. Í þýskalandi er ein grein innan ferðaþjónustu þar sem fólki upplifir að búa og starfa á bóndabæ. Þar býr stórfjölskyldan á sveitabænum og tekur fólk til sín. Amman og afinn sinna börnunum, segja þeim sögur og sinna dýrunum, maðurinn fer með bóndanum á veiðar og fær útrás fyrir „manninum í sér“ konan fylgir bónakonunni í að safna saman hráefni frá garðinum til að búa til mat, egg, mjólkín grænmetið ofl. Upp kom hugmynd um Kjósarhringinn (beint frá býli, handverk, Hvalstöðin, gamlar minjar, stutt til þingvalla, fossinn Glymur og fl.

Nýir markaðir: Ferðaþjónustan, erlendir ferðamenn sem vilja upplifa vilt nátturu landsins bæði einstaklingar og fjölskyldufólk. Einnig aðrir landsmenn og þeir íbúar höfuðborgarsvæðisins sem hafa áhuga á hinni fjölbreyttu náttúru höfuðborgarsvæðisins.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Tengja saman þau náttúrusvæði sem eru á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni við það. Vinna sameiginlega að uppbyggingu þvert á sveitafélög. Hægt að vinna í samvinnu við m.a. Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Ferðamálaáætlun, skilgreining og markaðssetning á náttúrutengdri ferðaþjónustu.
- Samgönguáætlun varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Markvisst og samhæft skipulag, verndun viðkvæmra svæða, uppbygging og viðhald núverandi nátturuperlna.

Náttúran

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

1.2 Nálægð við náttúru

(strendur/fjörur/hafnir) (fuglar/fiskar/hvalir) (garðar/laugar)

Staða sérstöðunnar nú:

Höfuðborgarsvæðið býður upp á mikla fjölbreytni við sjávarsíðuna með áhugaverðri náttúru og hafnsækinni starfsemi sem og fjölbreyttu lífríki fyrir þá sem vilja fylgjast með því. Einnig skartar höfuðborgarsvæðið fjölbreytileika í fallegum görðum sem margir tengjast laugum og öðrum útivistarsvæðum. Svæðið býður því upp á mikla möguleika í sambandi við náttúrutengda ferðaþjónustu allt frá fjalli til fjöru. Hér liggja tækifæri í að nýta aðráttarafl þessara þátta fyrir erlenda og innleða aðila sem vilja upplifa þessa þætti í náttúrunni. Með því að tengja þessi svæði og þá upplifun sem hún býður upp á ætti að opnast tækifæri til aukinnar fjölbreytni í náttúrutengdri ferðaþjónustu.

Nýjar vörur: Þjónusta sem styður við hugmyndina „nálægð í náttúru“ eru: veitingahús við sjávarsíðuna, gisting, minjagripasala, upplýsingamiðstöð, heimsóknir á söfn m.a. Sjóminjasafnið, Náttúrgripasafnið ofl. söfn.

Leggja þarf áherslu á þá sérstöðu sem er í náttúru höfuðborgarsvæðisins, þar má nefna hafnarlíf með smábátum, skútum og skemmtiferðaskipum. Einnig siglingar, hvala- og fuglaskoðun, sjóstanga- og strandveiði, virða fyrir sér fjöruna og sjólagið og möguleika til sjósunds í hreinum sjónum.

Verndarsvæðin í Laugardalnum og Elliðaárdalurinn vekja einnig áhuga margra sem og Sjóminjasafnið við gömlu höfnina.

Laugar sjá í 2.1 Laugar og útivistaborg.

Nýir markaðir: Ferðaþjónustuaðilar, landkynningaraðilar, leiðsögumenn, útivistafólk, almennir ferðamenn, ferðamenn sem hafa sérstakan áhuga á því sem boðið eru uppá þar má nefna fuglaáhugafólk og fuglafræðingar, ljósmyndarar ofl.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf við söfn og veitingahús.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Menningarstefna taki mið af nánnum tengslum íslensks mannlífs og lífsbjörginni úr sjónum.
- Ferðamálaáætlun skilgreini og styðji við náttúrutengda ferðaþjónustu með áherslu á nálægðina við náttúruna.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Markvisst og samhæft skipulag, verndun viðkvæmra svæða.

Setja fuglaverndurnarsvæði inn í skipulag.

Náttúran

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki

1.3 Veðurfar (rok, rigning, myrkur, norðurljós)

Staða sérstöðunnar nú:

Reykjavík er nyrsta höfuðborgin við sjó, þessi staðsetning veitir mikla sérstöðu þar má m.a. nefna mikla fjölbreytni í veðráttu og hægt er að sjá norðurljósinn á köldum vetrarkvöldum, einnig eru dimmir vetrarmánuðurnir mikil sérstaða.

Lengja má ferðamannatímann því mörgum finnst það upplifun að takast á við náttúruöflin og t.d. hafa Japanir mikinn áhuga á norðurljósum.

Nýjar vörur: Nýta þá sérstöðu sem veðurfarið og veturinn hefur uppá að bjóða. Nýta dimmann veturinn sem jákvæða upplifun. Þróa vetrartengda ferðapjónusu með áherslu t.d. á ljós og ljósasýningar.

Hægt er að bjóða upp á vetrar göngu-, hjóla- og tjaldferðir (sjá kort í lið 1.1) þar sem ísklifur, og gönguskíði eru hluti af upplifnuinni yfir í að „lifa af“ á köldum vetrum í náttúru Íslands.

Gæti verið tengt heilsutengdri ferðapjónustu fyrir íbúa annara norðlægra landa með því að veita ljósameðferðir við depurð og þunglyndi.

Nýir markaðir: Almennir ferðamenn, listamenn og áhugafólk um ljóslist, ferðamenn sem hafa áhuga á „extreme sport“, fólk sem þjáist af þreytu og depurð og vill koma í ljósameðferð.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf við Veðurstofuna.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Ferðamálaáætlun þar sem þessir þættir eru skilgreindir sem upplifun og þeir kynntir sérstaklega.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Hluti af samhæfðri markaðssetningu á Íslandi og höfuðborgarsvæðinu.

Samstarf við Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins.

Náttúran

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki

1.4 Eldfjallagarður (flekaskilin)

- 1.4.1 Jarðfræði
- 1.4.2 Fjöll/eldfjallasvæði/hverir
- 1.4.3 Þríhnjúka hellar

Staða sérstöðunnar nú:

Höfuðborgarsvæðið er umlukið fjallgörðum, eldfjalla- og hverasvæðum og er því kjörið fyrir þá sem vilja fræðast um jarðfræði og mótun Íslands. Flekaskilin eru hér sýnileg og hellar laða til sín sífellt fleira áhugafólk.

Það þarf að gera þessar náttúruperlur sýnilegar almenningi og ferðamönnum og gera svæðin heimsóknævæn.

Nýjar vörur: Jarðfræðiferðir, hellaskoðun og náttúrufræðsla. Veitingaþjónusta, selja aðgang og minjagrip.

Það er mikilvægt að fólk fái góða fræðslu um eldfjallagarðana til að skilja þann kraft sem liggur þeim. Hægt er að bjóða uppá skipulagar ferðir, hafa upplýsingafulltrúa á staðnum eða góða upplýsingar á stafrænu og myndrænu formi.

Þessar upplýsingar þarf að skipuleggja og framleiða, auk þess að finna áhugaverða og aðgengilega staði til að setja upp útsýnis og upplýsingapalla.

Nýir markaðir: Ferðamenn, leiðsögumenn, fjallgöngumenn, hellaáhugafólk, íbúar höfuðborgarsvæðisins.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf um önnur eldfjalla- og hverasvæði á Reykjanesi.

Hægt að bjóða uppá skipulagðar hópferðir að skoða mismunandi gerðir af fjallasvæðum.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Ferðamálaáætlun með náttúrutengdri ferðaþjónustu með áherslu á jarðfræði og landmótun.
- Samgönguáætlun með aðgengi að mikilvægum skoðunarsvæðum.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Styrkja áherslur hins opinbera í að auka opinberar samgöngur og auðvelda ferðir um svæðið.

Auka fjárhagslegan stuðning til ferðaþjónutu. Gæta að umhverismálum og ágangi á landið.

Náttúran

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki

1.5 Björgunarþekking (almannavarnir og björgunarmiðstöð)

Staða sérstöðunnar nú:

Hér á landi er löng hefð fyrir öflugum björgunarsveitastarfi byggðu á sjálfbærliðum sem eru tilbúnir að bregðast við útköllum með mjög skömmum fyrirvara. Á Íslandi eru margbreytilegar hættur sem þarf að takast á við þar má nefna snjóflóð, óveður, gos og jarðskjálfta. Björgunarsveitirnar hafa margra ára reynslu í þessum efnum.

Á bak við þessar sveitir er mikið skipulag, þjálfun og tækjabúnaður til þess að takast á við þessi vandasömu verkefni við erfiðar aðstæður.

Skipulag og stjórnun björgunarstarfa er sérþekking sem nýta má um allan heim.

Í flestum löndum er þetta hluti að þjónustu hersins.

Nýjar vörur: Setja upp þekkingarsetur með kennslu og æfingaraðstöðu sem tæki á móti erlendum sem og innlendum aðilum sem vilja vera betur undirbúnir til að takast á við hamfarir. Námskeiðin gætu verið allt frá fyrsta stigs öryggisnámskeiðum fyrir almenna borgara til erfiðra björgunaraðgerða fyrir sérhæfða björgunarmenn.

Nýir markaðir: Sérhæfðir innlendir og erlendir björgunarsveitarmenn, leiðsögumenn og fjallgöngumenn.

Skólar, íbúar, fjölskyldur og ferðamenn sem hafa áhuga á að fræðast og vera betur undirbúnir til að takast á við nátturuöflin.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarfi við björgunarsveitir og hjálpastofnanir, gæti einnig verið rekið af þeim til að afla fjár til björgunarstarfa.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Ferðamálaáætlun skilgreini og kynni þennan þátt náttúrutengdrar ferðaþjónustu.
- Nýsköpun, Vísinda- og tækinráð.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Samstarf við Almannavarnir og Neyðarlínuna.

Heilsulindir

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki

2.1 Lauga- útivistarborg

- 2.1.1 SPA
- 2.1.2 Nýta sjó- og jarðvarma
- 2.1.3 Golfvellir
- 2.1.4 Skíðahús í Úlfarsfelli eða Skálafelli

Staða sérstöðunnar nú:

Höfuðborgarsvæðið sem Lauga og útivistarsvæði býður upp á einstaka möguleika bæði með því að nýta þá aðstöðu sem nú þegar er til staðar í einstökum sveitarfélögum innan höfuðborgarsvæðisins og með því að bæta við tilboðum sem gilda fyrir höfuðborgarsvæðið í heild. Þar má einnig nefna einstaka möguleika í að nýta jarðvarma til að auka framboð innan SPA-menningar og einnig má nýta sjóböð og hitaðan sjó fyrir þá sem vilja nýta fjölbreytilega baðmenningu hér á landi.

Síðustu ár hefur verið mikill uppgangur í golfíþróttinni og í dag eru 8 golfvellir á höfuðborgarsvæðinu.

Bent var á möguleika á skíðahúsi í Úlfarsfelli til þess að mæta áhrifum hlýnandi veðurfars á höfuðborgarsvæðinu. Ekki hefur snjóað almennilega í fjöllin svo hægt hafi verið að nýta skíðasvæðin undanfarið ár. Nú í vetur hefur verið góður snjór á norðanverðu landinu og hafa Akureyringar fengið nýja vetrartengda ferðapjónustu vegna Hlíðarfjalls.

Nýjar vörur: Hægt er að nýta affalsvatn frá jarðvarmavirkjunum í SPA-heilsutengda þjónustu. Með markaðssetningu fyrir erlendar heilbrigðisstofnanir er hægt að bjóða uppá mismunandi aðstæður fyrir SPA. Allt frá því að nýta gufuböðin í laugum borgarinnar, nýta lúxus SPA-ið í Laugum í Laugardalnum eða bjóða uppá náttúru-SPA þar sem hægt væri að koma upp góðri aðstöðu þar t.d. í Nauthólsvík þar sem sjórinn væri nýttur í meðferðir.

Hægt er að bjóða uppá „ferðalagið um laugarnar“ bjóða fólki að kaupa klippikort með aðgang að öllum laugum á höfuðborgarsvæðinu til að upplifa mismunandi laugamenningu, t.d. má nefna lagina á Seltjarnarnesi þar sem saltur sjór er notaður í lauginni, Laugardagslaugin ein stærsta og mest heimsótt lauginn, Árbæjarlaugin með útsýni yfir boringa, Álftaneslaugin er sú nýjasta og Sundhöll Reykjavíkur sem er innilaug. Hægt væri að búa til pakka þar sem fólk fengi handklæði, sjampó og holl krem til að bera á sig úr íslenskum jurtum á hverjum stað svo það eina sem það þyrfti að taka með væri sundfötin ef viðkomandi vilja ekki leigja þau.

Svipaða hugmynd og ferðalagið um laugarnar væri hægt að nýta fyrir golfvöllina á höfuðborgarsvæðinu. Vellirnir eru staðsettir á mismunandi stöðum og hafa mismunandi styrkleika, hægt væri að bjóða uppá golf-ferðir á milli svæða.

Hugmyndin um að byggja skíðahús í Úlfarsfelli þar sem væri innandyra skíðasvæði væri einnig hægt að hugsa sér að staðsetja það í Skálafelli eða Bláfjöllum þannig að hægt sé að nýta brekkurnar útivið

Þegar þannig viðrar og nýta skíðahúsið þegar þess er þörf. Þannig væri hægt að skapa skíða „mekka“ í nánd við Reykjavík. Fyrir slíka hugmynd þyrfti skíðalyftur, snjógerðarvélar, sölu- eða leigu á skíðavörum, kennsla, lyftukort ofl. Framkvæmdin myndi velta stórum fjárhæðum og nýta mikið af starfsfólki.

Nýir markaðir: Notendur þessara margháttuðu heilsueflingar möguleika eru almenningur, ellilífeyrisþegar, ferðaþjónustufyrirtæki, heilbrigðisstofnanir, læknar, nuddarar, sjúkraþjálfarar og aðrir í heilbrigðisgreiranum, veitingaaðilar. Innlendir og erlendir skíða- og golfáhugamenn.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf á milli sundlauganna á höfuðborgarsvæðinu, samstarf um auðveldar samgöngur til og frá laugunum. Einnig má hugsa svipað samstarf milli gólfvallanna.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Rammaáætlun um nýtingu orkulinda
- Ferðamálaáætlun skilgreini og styðji við þennan þátt heilsutengdrar ferðaþjónustu.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Samstarf við Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins.

Heilsulindir

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki

2.2 Heilsusetur (skurðaðgerðir, afvötnun, offitusjúklingar)

2.2.1 Fíktengd sérhæfing

Staða sérstöðunnar nú:

Heilsusetur á Íslandi fyrir útlendinga er nærtækt tækifæri. Hér er hreint og ferskt loft, nægt hreint vatn og öruggt samfélag. Út frá staðsetningu landsins milli Evrópu og N-Ameríku ætti að vera hægt að sækja á báða markaði með þjónustu við þá sem hrjást af kvillum sem hindra þá ekki til ferðar hingað til lands. Einnig ættu ættingar sjúklinga að geta komið með og notið borgarinnar og margbrotinnar náttúru á höfuðborgarsvæðinu á meðan á aðgerð og endurhæfingu stendur.

Nýjar vörur: Þegar eru dæmi um að erlendir íþróttamenn sækja hér lækniþjónustu.

Meðferð við fíktengdum sjúkdómum hefur aukist mikið síðustu ár og áratug. Þar eru meðal annars matarfíkn og áfengisfíkn ofarlega á lista. Aðgerðir og endurhæfing krefst vel menntaðs mannafla. Slík starfsemi hér á höfuðborgarsvæðinu eykur atvinnu og þekkingu innan slíkra sjúkdóma. Einnig er hægt að skoða slíka stofnun í samstarfi við háskólana og efla rannsóknir á fíktengdum sjúkdómum. Hægt væri að skoða lækningar á fíkn í tengslum við náttúruna þar sem fólki er boðið uppá að vera mikið úti til að dreifa huganum frá þeim aðstæðum sem þau glíma við.

Nýir markaðir: Austurströnd Ameríku, Evrópa og vel efnaðir Asíubúar. Íþróttafólk, eldra fólk og innlendir og erlendir fíkn-sjúklingar sem vilja lækna. Menntað starfsfólk innan heilbrigðisgeirans.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf við þær stofnanir sem nú þegar vinna að meðhöndlun stoðkerfissjúkdóma, húðsjúkdóma og fíktengdra sjúkdóma.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Ferðamálaáætlun taki mið af heilsutengdri ferðapjónustu.
- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Efla samstarf á milli þeirra sjálfstætt starfandi- og opinberu stofnanna sem unnið hafa með stoðkerfis aðgerðir og fíktengdra sjúkdóma og vinna að þessu starfi í samvinnu við háskólana.

Heilsulindir

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki

2.3 Heilsutengd uppbygging í Laugardal

2.3.1 Lækning í hreinu lofti og hreinu vatni (Frjófnæmi, astmi, lungnasjúkdómar)

Staða sérstöðunnar nú:

Reykjalundur í Mosfellsbæ hefur unnið með endurhæfingu og heilsutengda þjónustu. Einnig er verið að undirbúa byggingu Primacare í Mofellsdalnum. Bæði Reykjalundur og Primacare eru með áherslu á líkamlega endurhæfingu. Vert er að skoða og leggja einnig áherslu á andlega endurhæfingu. Bent er á tækifæri til þess að byggja upp hliðstæða starfsemi í Laugardal.

Nýjar vörur: Heilsutengd þjónusta á bæði við um líkamlega og andlega endurhæfingu, leggja áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir gegn sjúkdómum. Nýta landsvæðið til „útrásar“ Efla menntun og þekkingu á sviði heilsuvísinda. Til að þjónusta fólkið og aðstandendur þeirra vel þarf einnig að huga að veitingasölu, heilsuþúðum og annarri þjónustu sem snýr að daglegum þörfum. Heilsutengd uppbygging í Mosfellbænum og Laugardal ættu að vera sameiginlegt verkefni þannig að viðskiptavinir geti valið hvort það vill dvelja í Mosfellsbænum nær náttúrunni eða vera í Reykjavík og nýta sér aðstöðuna í þéttbýlinu.

Nýir markaðir: Íþróttafólk, langveikir sjúklingar, aðstandendur, ákveðinn hópur ferðamanna, sérfræðingar í heilsutengdri þjónustu, skólar, heilsufíklar, einstaklingar með frjófnaofnæmi og/eða lungnasjúkdóma.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Vinna í samstarfi við þær stofnanir sem nú þegar vinna innan heilsugeirans.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Ferðamálaáætlun taki tillit til þessara möguleika
- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Samnýta opinbera aðstöðu til að auka nýtingu og lækka kostnað.

Heilsulindir

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki

2.4 Vistvæn matargerð

Staða sérstöðunnar nú:

Við höfum góða möguleika til að rækta lífrænt og vistvænt hráefni til matargerðar hér á landi. Útfrá gæðum landsins og stærð ættum við að geta ræktað mat fyrir 1,3 miljónir manna hér á landi. En með nýtingu jarðhita og ódýrri orku er hægt að rækta mun meira og á minna landrými.

Í dag þá framleiðum við einungis 30% af því grænmeti sem er neytt á Íslandi og 1% af ávöxtum. Á höfuðborgarsvæðinu eru margir möguleikar til nýtingar landrýmis og nýtingu hita. Það íslenska grænmeti sem er framleitt er gæða grænmeti en þó er það ekki allt lífrænt ræktað.

Nýjar vörur: Séríslensk matvæli, samvinna hönnuða, beint frá býli og beint úr bát, tenging við ferðaþjónustu og vöruþróun. Fullvinna afurðir og útvíkka nýtingu þekktra tegunda. Vinna að umhverfisvernd og vottun, upprunavottun. Nýta þá orku sem til fellur til að rækta innandyrá.

Nýir markaðir: Neytendur innlendir og erlendir, matvælaíðnaðurinn, útflutningsiðnaðurinn, veitngiþjónusta.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Tengja saman matvælaíðnaðinn og koma á góðu samstarfi milli stórra og smærri framleiðanda til að auka vöruúrvalið. Gott samstarf t.d. við Matís.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Rammaáætlun um nýtingu okrulinda
- Ferðamálaáætlun

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Veita aðgang að ræktunarlandi í eigu ríkisins og sveitarfélaga, og auðvelda aðgang að nýtingu orku og vatns.

Menning, mannlíf og listir

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

3.1 Menningar og friðarborg norðursins

- 3.1.1 Hafnarborgin Reykjavík
- 3.1.2 Umhverfissvottuð Reykjavík
- 3.1.3 Þjóðmenning - *Halldór Laxness og Mofellsdalurinn, þvottalaugarnar*
- 3.1.4 Íslensk húsagerð
- 3.1.5 Sakamálasögur
- 3.1.6 Áramótaupplifun
- 3.1.7 Reykvíkst nammi
- 3.1.8 Virkjanir sem fræðslumiðstöðvar

Staða sérstöðunnar nú:

Höfuðborgarsvæðið er ekki fjölmennt miðað við það sem gerist erlendis en það býður þó uppá ótrúlega fjölbreytt menningarlíf. Það er ekki hægt að sjá að smæðin hamli blómlegu menningarlífi. Höfuðborgarsvæðið hefur gott leikhúslíf, mikið tónleikastarf, góð kvikmyndahús góða rithöfunda þar má ekki gleyma að nóbelskáladið okkar Halldór Laxness fæddist í Reykjavík og fluttist síðar í Mofellsdalinn, þar sem bæði Reykjavík og Mosfellbærinn hafa verið mikill innblástur í verkum hans. Halldór Laxness er ekki okkar eina góða skáld heldur hafa verk margra af okkar nútíma rithöfundum verið þýddir yfir á erlenda tungu og fest sig í sessi erlendis sem og innanlands. Margir af okkar fremstu rithöfunum nýta höfuðborgarsvæðið nú og fyrr sem sögusvið fyrir bækur sínar.

Í dag er mikil gróska í íslenskri tónlistargerð, þar má nefna Björk, Sigurrós og marga unga listamenn sem eru duglegir við að koma sér á framfæri innanlands og erlendis. Einnig má nefna blómlegan kvikmyndaíðnað.

Friðarsúlan í Viðey er mikilvægt byrjunarskref í því að markaðsetja borgina sem friðarborg. Það má styrkja stöðu höfuðborgarsvæðisins sem menningar og friðarborg og leggja meiri áherslu á fleiri atriði innan menningar og friðar.

Nýjar vörur: Hægt er að markaðsetja „inspiration“ ferðir til friðarborgarinnar Reykjavík. Í slíkar ferðir getur fólk komið og sótt innblástur fyrir listsköpun. Hægt er að bjóða upp á mismunandi menningarferðir til friðarborgarinnar. Allt frá almennri mennignarferð þar sem helstu söfn, leikhús, tónleikaviðburðir eru skoðaðir eða hægt er að bjóða upp á ferðir með meiri áherslu á ákveðin atriði. Þar mætti t.d. nefna arkitektaferð þar sem íslensk húsagerð fyrr og nú er skoðuð, hvernig áhrifin frá uppvexti þjófélagsins fyrir hrun leiddi til mikilla byggingaframkvæmda og hvernig hrunið hefur skilið heilu hverfin eftir ókláruð. Þar væri hægt að fá með sér í lið helstu arkitekta, landlagsarkitekta og skipulagsfræðinga landsins til að halda fyrirlestra og fara með fólk í skoðunarferðir um höfuðborgarsvæðið.

Svipaða hugmynd mætti vinna með fyrir erlenda tónlistamenn, rithöfunda og kvikmyndagerðarmenn sem myndu koma til landsins og kynna sér þær stefnur sem eru hér á landi og fá innblástur fyrir verk sín.

Auk þess sem hægt er að vinna með hugmyndir bakvið ákveðnar innblástursferðir þá er mikilvægt að vinna samtímis að grænni og jákvæðri ímynd borgarinnar. Það er talinn mikill hagur fyrir ferðaþjónustu almennt að höfuðborgarsvæðið eða hlutar þess fengju umhverfissvottun og væri þar m.a. hægt að leggja áherslu á að kynna þær grænu virkjanir sem við nýtum í dag.

Bæta má við einu ferðatímabili hér í Reykjavík og bjóða uppá áramótaferðir, þar sem hægt að koma og upplifa hvernig Íslendingar kveðja gamla árið og taka á móti því nýja með mikilli flugelda sýningu sem upplýsir næturhimininn, (sjá einnig 1.3 veðurfar)

Í kringum menningar- og friðarborg norðursins er hægt að vinna að vöruþróun, hönnun nytja- og gjafavöru, minjagripa- og listmunagerð með skýrskotun til þeirra staða sem fólk hefur upplifað. Einnig er hægt að byggja upp þjónustumiðstöð, veitingastaði og kaffihús þar sem fólk getur hist á ferðum sínum. Ekki er nauðsynlegt að byggja nýja staði heldur bæta þessari þjónustu og vörum við hjá veitingahúsum og upplýsingamiðstöðvum sem nú þegar eru fyrir hendi.

Nýir markaðir: Innlendir og erlendir listamenn, rithöfundar, arkitektar, landslagsarkitektar, skipulagsfræðingar, tónlistamenn, kvikmyndagerðamenn, hönnuðir, listunnendur og almennir ferðamenn sem hafa áhuga á menningu. Erlendir listaháskólar, erlendir útgefendur, framleiðendur og dreifingaraðilar. Einnig ferðaþjónustuaðilar, leiðsögumenn og veitingaaðilar.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf milli listamanna til að geta haft sem best upplýsingaflæði. Koma á fót samstarfi milli allra skapandi greina. Skapa góð tengsl við menningarstarfsemi í öðrum löndum.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Menningarstefna
- Ferðamálaáætlun

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Styrkja áherslur hins opinbera í að auðvelda listamönnum aðgengi að þeim miðlum sem eru nauðsynlegir til að þróa vinnu sína. Auka fjárhagslegan og faglegan stuðning fyrir allar listgreinar.

Menning, mannlíf og listir

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

3.2 Sagnarhefð íslendinga

- 3.2.1 Sögugarður landnámu víkingar, víkingaþorp, Edduheimar, Norræna goðafræðin, spákonur - tölvuleikir, teiknimyndir, bækur, minjagripir
- 3.2.2 Hrunsafn fræðslusetur, spillingarhringurinn

Staða sérstöðunnar nú:

Íslendingum hefur fylgt mikil sagnahefð frá mótun bygðar. Sagnahefð hefur og mun flygja íslenski þjóð og því ríkulega menningarlífi sem hér er til staðar. Til er mikið af sögum allt frá því að land byggðist og á höfuðborgarsvæðinu eru minjar sem tengjast þessum sögum. Í dag er verið að skrifa nýjan kafla í sögu þjóðarinnar 2007-2010 sem gefur ímyndunaraflinu lausan tauminn.

Nýjar vörur: Lifandi sögutengt þorp, t.d. víkingaþorp þar sem gestir geta búið um tíma og lifað í fornaldarstíl.

Hrunsafn, fræðslusetur fyrir íslendinga og ferðamenn sem byggir á einstakri og ýkjukendri upplifun Íslendinga af uppgangi og fjármálahruni.

Setja miðlun upplýsinga í nútímalegt horf með tölvuleikjum og öðrum miðlum sem laða að ungt fólk. Minjagripir, bækur, tölvuleikir, fatnaður, sumarskóli á öllum menntastigum, gisting og veitingahús.

Nýir markaðir: Ferðamenn innlendir sem erlendir, fyrir nemendur sem hluti af námi, tölvuleikja-framleiðendur, hönnuðir, arkitektar, rannsóknarstofnanir, háskólar, alþjóðastofnanir sem vilja rannsaka orsök hrunsins og læra af því.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins: Hægt að selja sameiginlegan passa inn á þau söfn sem eru á höfuðborgarsvæðinu og snúa að sögu landsins. Þar má nefna Árbæjarsafn, Þjóðminjasafn Íslands og Víkingasafnið í Hafnarfirði.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Menningarstefna
- Ferðamálaáætlun skilgreini þennan þátt menningartengdrar ferðaþjónustu og markaðssetji hann
- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Styrkveitingar til opnunar safna um sagnahefð íslendinga fyrr á öldum og núverandi stöðu, auðvelda aðgang að minjum og upplýsingum sem þarf til að byggja upp nýja starfsemi á þessu sviði. Aðstoð við úthlutun byggingarsvæðis.

Menning, mannlíf og listir

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

3.3 Alþjóðlegt listsetur

- 3.3.1 Skapandi greinar – vitundariðnaður
- 3.3.2 Tengja tæknimenntun og leikjaframleiðslu
- 3.3.3 Sterk tískuvitund
- 3.3.4 Fataiðnaður

Staða sérstöðunnar nú:

Höfuðborgarsvæðið er ríkt af margskonar list- og vitundarmennignu, fatahönnun og tískuvöru- framleiðslu og leikja framleiðslu. Lagt er til að sameina þessi sterku öfl undir einn hatt. Ekki er nauðsynlegt að þau séu einungis á einum stað í borginni en að þau markaðssetji sig sem eitt setur þar sem hægt er að koma og vinna eða heimsækja og fræðast um þessa starfsemi.

Nýjar vörur: Alþjóðlegt listasetur getur verið þungamiðjan í upplýsingamiðlun og markaðssetningu hinna skapandi greina. Möguleiki ætti að vera á því að kaupa aðgang að mismunandi stöðum með t.d. safnapassa þannig að söfn á höfuðborgarsvæðinu væru tengd saman með reglulegum rútufurðum. Mikilvægt er að huga að aðgengi að þeim tilboðum sem eru í boði og veita góðar upplýsingar. Í listasetrinu ætti svo að vera hægt að kaupa þá hönnun sem verið er að framleiða allt frá tövlueikjum til fatatísku. Í kringum slíkt listasetur er ýmiss þjónusta sem einnig er atvinnuskapandi svo sem veitingar, upplýsignamiðstöð og minjagripir. Listasetrið getur einnig verið tengt námi í grunnskólum höfuðborgarsvæðisins þar sem bekkjum boðið að koma í heimsókn og reyna fyrir sér í listsköpun.

Nýir markaðir: Umboðs- og söluaðilar og framleiðendur sem tengjast hinum skapandi greinum. Listamenn sem vilja koma sér á framfæri bæði innlendir og erlendir, skólabörn, ferðamenn, borgarþátttakendur og aðrir sem koma til höfuðborgarinnar og vilja fræðast um hvað er að gerast í listum og menningu í dag.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf milli listgreina og safna á höfuðborgarsvæðinu auk samstarfs við háskólasamfélagið.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Menningarstefna
- Ferðamálaáætlun

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Styrk til opnunar listseturs.

Menning, mannlíf og listir

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

3.4 Átthagatengd ferðaþjónusta, afkomendur brottfluttra

Staða sérstöðunnar nú:

Á árunum 1870 til 1914 fluttust þúsundir Íslendinga búferlum til Vesturheims, stærsti hlutinn til Kanada. Enn í dag er að finna ríka íslenska arfleið í Kanada. Bæði hafa þeir Íslendingar sem voru eftir á Íslandi og afkomendur Vesturfarana haft áhuga á afdrifum og uppruna þeirra sem fluttu. Frá þessum tíma og til dagsins í dag búsetjast Íslendingar um víða veröld og eignast afkomendur þar. Þessi hópur vex því stöðugt og áhugi á að leita uppruna síns og heimsækja slóðir ættingjanna ætti því að vera vaxandi.

Nýjar vörur: Átthagatengd ferðaþjónusta og safn sem segir sögu þeirra sem flutt hafa erlendis bæði upplýsingar um uppruna og afdrif þeirra. Þetta á m.a. við Vesturfarana þegar þeir komu vestur um haf og einnig upplýsingar um líf þeirra hér á landi áður en þeir lögðu upp í hina miklu för. Safnið gæti aðstoðað við að leita uppruna og ættingja og selt minjagrip, bækur og aðrar upplýsingar.

Nýir markaðir: Afkomendur brottfluttra, ferðamenn, íslendignar og afkomendur íslendinga sem séð hafa á eftir fjölskyldumeðlimum semildu freista gæfunar erlendis.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf við m.a. Vesturfarasetrið á Hofsósi.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Menningarstefna
- Ferðamálaáætlun

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Aðstoða við aðgang að upplýsingum um brottflutta og koma á samstarfi erlendis til að fá upplýsingar um afdrif íslendinga í hinum ýmsu löndum.

Samstarf við sendiráð Íslands erlendis.

Menning, mannlíf og listir

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

3.5 Beint úr sjó, veitingastaðir

3.5.1 Pure Iceland

3.5.2 Taste Iceland

Staða sérstöðunnar nú:

Ferskleiki íslensks fisks er mjög eftirsóknarverður bæði hjá Íslendingum, ferðamönnum og á erlendum markaði.

Nú þegar eru til margir góðir fiskistaðir hér á höfuðborgarsvæðinu en bent er á að markaðssetja þá sem „Pure Iceland, Taste Iceland“ og búa til sterkari upplifun í kringum ímyndina „beint úr sjó“.

Nýjar vörur: Markaðsetja betur íslenska fiskinn og hreinleika hans sem „konsept“.

Bjóða má upp á veiðiferðir út á sjó þar sem fólk getur veitt sinn eigin fisk og matbúið og borðað um borð eða þegar kemur í land. Einnig er hægt að bjóða upp á matreiðslunámskeið þar sem fólk útbýr sjálft sinn fisk þar sem úrvals kokkar kenna þeim að matreiða eða fólki bjóðist að láta matreiða fiskinn á veitingahúsi fyrir sig.

Nýir markaðir: Sælkerar erlendir og innlendir, almennir ferðamenn, veitingahúsaðilar, kokkar og sjómenn.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf milli veitingahúsa og sjómanna.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Ferðamálaáætlun skilgreini þennan hluta menningartengdrar ferðaþjónustu og markaðssetji hana.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Samstarf við sjávarútvegsráðuneytið.

Menning, mannlíf og listir

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

3.6 Frístundamiðstöð

3.6.1 Ylhús

3.6.2 Yfirbyggður skemmtigarður

Staða sérstöðunnar nú:

Í dag eru ekki til yfirbyggðir skemmtigarðar eða ylhús á Íslandi. Hugmyndin hefur þó verið prófuð í Eden í Hveragerði. Vegna veðurfars á Íslandi væri hægt að lengja sumarið innandyrá og lýsa upp kalda vetrardaga með ylhúsi og yfirbyggðum skemmtigarði.

Nýjar vörur: Skemmtilegarðurinn getur haft hreint skemmtanagildi en einnig verið hluti af fræðslu (edutainment – education and entertainment). Þekkingin getur snúist um inni ræktun, græna orku, hvernig megi nýta hita og vatn á Íslandi til fræðslu og þekkingar í ylhúsum. Í kringum slíka miðstöð byggjast upp veitingastaðir, mingjagripabúðir og störf fyrir leiðbeinendur og aðra starfsmenn.

Nýir markaðir: Börn og foreldrar, menntastofnanir, þróunarstofnanir, erlendir fjölskyldu ferðamenn.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf við ræktendur á höfuðborgarsvæðinu.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Menningarstefna
- Ferðamálaáætlun
- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð
- Rammaáætlun um nýtingu orkulinda

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Veita aðgang að affaldsvatni frá OR.

Menning, mannlíf og listir

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

3.7 IMMI (Iceland Modern Media Initiative)

Staða sérstöðunnar nú:

Lögð var fram tillaga til þingsályktunar 16. febrúar 2010 um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi verndun tjáningar- og upplýsingafrelsis. Þingsályktunartillagan hefur fengið góðar undirtektir innan þings sem utan.

Markmiðið með þessari stefnu er að fela ríkisstjórninni að leita leiða til að styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi hérlandis auk þess sem vernd heimildarmanna og uppljóstrara verði tryggð. Til þess að það geti orðið að veruleika þarf að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar eða nýja löggjöf, sem byggð væri á bestu mögulegu löggjöf annarra þjóða sem við gjarnan berum okkur saman við til að skapa Íslandi sérstöðu á sviði tjáningar- og upplýsingafrelsis. Mælt er með að komið verði á fót fyrstu alþjóðaverðlaununum sem kennd yrðu við Ísland: Íslensku tjáningarfrelsisverðlaununum. <http://immi.is>

Áætlað er að kosið verði um þingsályktunartilöguna í maí 2010.

Nýjar vörur: Ef að tillagan fer í gegn er þess vænst að stærstu fjölmiðlar heims vilji flyta aðsetur sitt til Íslands. Það gerist alltof oft að fjölmiðlar hætta við að fjalla um mál vegna hættu að lögsókn. Með því að flytja bækistöðvar sínar hingað til lands mun frétt afluningur þeirra vera undir íslenskri lögvernd. Með flutningi erlendra fjölmiðla til landsins munu umsvif aukast verulega í nýtingu húsnæðis, þjónustumiðla, prentunar og þess sem snýr að útgáfu fréttar. Einnig ætti þessi starfsemi að ýta undir betri frétt aflutning á Íslandi.

Nýir markaðir: Fjölmiðlar og fréttamenn erlendir og innlendir.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins: Mikilvægt að allir fréttamiðlar vinni sameiginlega að því að þessi lög verði virt og nýti sér þau til betri og ítarlegri frétt aflutnings.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Menningarstefna

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Styðja við lögin, samþykka að komist í geng. Það er undir stjórnvöldum komið að samþykka lögin.

Menning, mannlíf og listir

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

3.8 Miðstöð verslunar (Shop in Iceland)

3.8.1 Yfirbyggð göngugata og sporvagnar á Laugavegin

Staða sérstöðunnar nú:

Þar sem veðráttan spilar stórt hlutverk í lífi okkar hér á Íslandi er mikilvægt að geta varist þeim veðrum sem koma. Ein af þeim hugmyndum sem upp komu var að gera yfirbyggða göngugötu á Laugaveginum. Einnig var rætt um að setja sporvagna á Laugavegin. Hvorugt hefur verið prófað áður. Hafa ber í huga að á höfuðborgarsvæðinu eru þegar Kringlan og Smáralindin sem eru innandyra verslunarmiðstöðvar og vísir er að slíkum verslunum víðar á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er lagt til að byggja yfir og loka Laugaveginum heldur hafa þann möguleika að loka honum þegar þannig viðrar. Hugsa þarf umhverfisvænar þéttbýlissamgöngur fyrir allt höfuðborgarsvæðið, hægt væri að byrja á Laugaveginum og síðar færa þær lengra út.

Nýjar vörur: Aukin þjónusta við þá sem nýta sér Laugavegin, bæði með tilkomu sporvagns og með yfirbyggingu ætti að vera hægt að skapa sérstaka stemmingu og fleiri að vilja nýta sér Laugavegin. Á þennan hátt mætti skapa meira líf og auka veltu og þjónustu á Laugaveginum. Með sporvagni ætti að vera hægt að loka fyrir aðra umferð og nýta rýmið sem myndast til að gera aðlaðandi umhverfi. Sporvagninn gæti verið knúinn með grænni orku og því verið liður í rannsóknarverkefni á því sviði.

Nýir markaðir: Reykvíkingar, búðareigendur, ferðamenn innlendir og erlendir, vísindamenn með áhuga á ferðamáta með grænni orku

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf við strætó, tengja sporvagna við aðara opinberar samgöngur.

Samstarf við miðbæjarsamötkin.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð
- Rammaáætlun um nýtingu okrulinda
- Ferðamálaáætlun
- Samgönguáætlun

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Skipulags- og byggingaryfirvöld sýni slíkri hugmynd skilning.

Menning, mannlíf og listir

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

3.9 Hafnarfjörður - bærinn í hrauninu, gömlu húsin, höfnin, alþjóðleg álfamiðstöð

3.9.1 Hulinsheimar og alþjóðleg álfamiðstöð

Staða sérstöðunnar nú:

Nú þegar hafa Hafnfirðingar markaðsett álfabyggðina sem er í hrauninu og víðar í Hafnfirði m.a. með gönguferðum um hraunið. Mikill áhugi er fyrir hulinsheimum bæði hjá Íslendingum og erlendum ferðamönnum.

Nýjar vörur: Byggja safn um sögu álfa og álfabyggðar í Hafnfirði, merkja og markaðsetja álfabyggðina í Hafnfirði og búa til gönguleiðir á milli staða. Gera bæinn að aðal álfamiðstöðinni á höfuðborgarsvæðinu. Álfamenntasetur fyrir Íslendinga og erlenda áhugamenn.

Nýir markaðir: Íslendingar og erlendir ferðamenn sem hafa áhuga á álfabyggð og álfasögum. Skoða samstarf við aðra staði erlendis sem eru í svipuðum hugleiðinum um hið yfirnáttúrulega.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Skoða samstarf við staði út á landi t.d. Snæfellsnesið þar sem áltíð er að mikið sé af yfirnáttúrulegri orku. Skoða samstarf og hvað megi læra af hvor öðrum.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Ferðamálaáætlun
- Menningarstefna

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Álfabyggðir verði varðveittar og fái stöðu í skipulagi.

Úrvinnsluiðnaður

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

4.1 Fullvinnslu borg - Úr frumvinnslu í fullvinnslu byggða á sérþekkingu

- 4.1.1 Fullvinnsla sjávarfangs
- 4.1.2 Fullvinnsla áls
 - 4.1.2.1 Samkeppni um listmuni úr áli

Staða sérstöðunnar nú:

Það er eitt álver á höfuðborgarsvæðinu en fleiri eru í næsta nágrenni. Afurðir álversins í Hafnarfirði eru fluttar út án frekari úrvinnslu. Í sjávarútvegi og fiskvinnslu fer einnig mikið út til frekari vinnslu þar. Bent er á mikilvægi þess að fullnýta íslensk hráefni og vinnuafli með því að vinna vörur í notkunar- eða neysluform hér á landi og færa þannig virðisaukann inn í íslenskt samfélag.

Nýjar vörur: Leggja áherslu á að fullvinna vörur hér á landi. Þar má nefna frekari úrvinnslu áls og sjávarfangs.

Við að fullvinna vörur hér á landi verða til ótal ný störf fyrir iðnaðarmenn, hönnuði og framleiðendur. Fullvinnsla eflir vöruþróun og skapar gjaldeyrir. Hægt er að tengja fullvinnslu við menntun í menntaskólum, iðnskólum og háskólum þannig að meiri vitund og hugmyndir skapist um nýjungar í fullvinnslu þeirra hráefna sem við höfum aðgang að.

Nýir markaðir: Innlendir og erlendir framleiðslu- og neytendamarkaðir, hönnuðir, framleiðendur og skólar.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf við mennta-, iðn- og háskóla sem og álframleiðendur og sjávarútveginn

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Nýsköpun, Vísinda og tækniráð
- Rammaáætlun um nýtingu orkulinda
- Nýmenntastefna
- Landskipulag

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Iðnaðar- og umhverfisráðuneyti móti skýrar vinnureglur þannig að augljóst verði hvort fáiast að byggja nauðsynleg mannvirki og að nauðsynleg orka fáiast.

Úrvinnsluiðnaður

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

4.2 Lyfjaframleiðsla

Staða sérstöðunnar nú:

Lyfjaframleiðsla hefur verið að þróast og færast í aukana á síðustu árum bæði með hefðbundin og óhefðbundin lyf. Innan hefðbundinna lyfja má nefna fyrirtækin Actavis hf., IcePharma hf. og Vistor hf., sem eru með aðstöðu á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er sívaxandi áhugi fyrir óhefðbundnum lyfjum sem hægt er að vinna úr lífríki í náttúru landsins og þar má m.a. nefna Saga Medica.

Nýjar vörur:

Vinna ný lyf bæði innan hefðbundinna og óhefðbundinna lækninga. Það er mikið til af jurtum á Íslandi sem hægt er að nýta í lækningar og einnig er hægt að rækta upp jurtir til lækninga.

Vinna í samstarfi við háskólasjúkrahúsið og háskólana.

Nýir markaðir: Innlendir og erlendir neytendur, spítalar, háskólar og lyfjafyrirtæki.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Skoða samstarf við þau lyfjafyrirtæki sem nú þegar eru á markaðnum. Vinna í samvinnu við þau að þróun nýrra lyfja og markaðssetningu þeirra.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð
- Landskipulag

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Umhverfisstofnun varðandi ræktun og nýtingu lækningajurta.

Úrvinnsluiðnaður

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

4.3 Metanframleiðsla

Staða sérstöðunnar nú:

Metangasframleiðsla er nú þegar hafin á urðunarstöðunum í Gufunesi og Álfsnesi þó hefur enn ekki verið fundin góð lausn til að geyma og nýta metngasið til þess að það borgi sig að geyma það. Í dag er megnið af því metangasi sem myndast á haugunum brennt og nýtist því ekki.

Nýjar vörur: Finna góða lausn á nýtingu og geymslu á metangasi, ef það tekst er slíkt verkefni mikill gjaldeyrissparnaður á innfluttri orku. Ef hægt er að nýta þann úrgang sem til fellur betur í framleiðslu metan er slík framleiðsla mjög vistvæn. Slíkt verkefni krefst mikilla rannsókna og tækniþekkingar. Nýta þá aðstöðu sem þegar er í Álfsnesi og framleiðir metan.

Nýir markaðir: lðnaður, almenningssamgögnur, almennir vöruflutningaaðilar, almennir bílaeigendur.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf milli háskólanna, rannsóknastofnanna og Sorpu.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð
- Rammaáætlun um nýtingu orkulinda
- Landskipulag

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Sjá til að allar opinberar samgöngur nýti metan eldsneyti.

Úrvinnsluiðnaður

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

4.4 Koltrefjaverksmiðja

Staða sérstöðunnar nú:

Koltrefjar eru notaðar sem styrkingarefni í iðnframleiðslu og leysa af hólmi ýmis þekkt smíðaeefni svo sem ál, timbur og stál sérstaklega í iðnaðarframleiðslu þar sem léttleiki og styrkur eru höfð að leiðarljósi.

Nýjar vörur: Koltrefjaplast er vinsælt efni til báta-, flugvéla- og bílasmíða meðal annars vegna þess hversu létt það er miðað við styrk og hversu hita- og þanþolið það er.

Hægt er að fullvinna vörur hér skoða í samhengi við 4.1 Fullvinnslu borg. Koma á fót verksmiðju og þróa vörur unnar úr koltrefjum.

Nýir markaðir: Vöruhönnuðir, stór og smár iðnaður innlendur sem erlendur.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Hægt er að nýta metangas frá Álfsnesi til framleiðslu koltrefja. Væri því áhugavert að skoða samstarf við urðunarstöðina í Álfsnesi í þeim efnum.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð
- Rammaáætlun um nýtingu orkulinda
- Landskipulag

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Veita stuðning til iðnaðar.

Úrvinnsluiðnaður

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

4.5 Skiptisamningar (ferskt vatn/olía, vörur og þjónusta)

Staða sérstöðunnar nú:

Staða krónunar er ekki mjög sterk og ekki er útlit fyrir að hún lagist í nánustu framtíð, því er áhugavert að skoða skiptasamninga við erlenda aðila. Hér áður fyrr voru skiptasamningar m.a. við Rússa þar sem þeir fengu sjávarfang aðallega síld en Íslendingar fengu eldsneyti í staðinn.

Nýjar vörur: Lagt er til að koma á fót skiptimarkaði, bæði í sambandi við vöru, þjónustu og þekkingu. Skiptimarkaðurinn væri í nánd við siglingarleið frá landinu þar sem hægt væri að nálagst upplýsingar um vörur og þjónustu sem hægt er að fá á höfuðborgarsvæðinu. Einnig væri þetta vettvangur fyrir erlenda aðila til að auglýsa sína vöru og þjónustu.

Nýir markaðir: Erlendir markaðir sem eru með þær vörur og þjónustu sem hægt er að skipta á.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins: Aðilar utan af landi gætu tekið þátt í þessu verkefni og komið með vöru sína á skiptimarkaðinn

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Enginn af þeim sem verið er að vinna að núna.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Rétt væri að leita umsagnar skattayfirvalda varðandi tolla og skatta.

Græn orka og hreint og kalt vatn

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

5.1 Vistvæn borg

5.1.1 Hrein orka í umferðinni

Staða sérstöðunnar nú:

Mikil umræða hefur átt sér stað um að rafbílavæða ísland eða nýta „grænt“ eldsneyti á bíla. Enn hefur þetta skref ekki verið tekið til fullnustu en möguleikarnir eru fyrir hendi. Höfuðborgarsvæðið hefur þá möguleika að vinna að því að fá viðurkenningu fyrir að vera „græn borg“

Nýjar vörur: Verðmæti er fólgið í að gera borgina eftirsóttá fyrir íbúa, ferðamenn og atvinnustarfsemi sem byggir á grænni hugmyndafræði. Einnig er hægt að tala um að siðferðisleg ábyrgð skilar meiri arði til lengri tíma. Einnig er hægt að nýta þessa þróun til rannsókna í vistvænum lausnum.

Nýir markaðir: Íbúar, vistvæn atvinnustarfsemi, menntastofnanir, ferðamenn, ferðaþjónusta og fjárfestar.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf m.a. við OR og Sorpu

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð
- Samgönguáætlun
- Rammaáætlun um nýtingu orkulinda
- Ferðamálaáætlun

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Mikilvægt að skattlagning rafknúinna bíla ýti undir notkun þeirra

Græn orka og hreint og kalt vatn

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

5.2 Hreinar vörur úr plöntu og dýraríkinu

5.2.1 Grænmetis- og ávaxtaræktun

Staða sérstöðunnar nú:

Hugmyndin um hreinar vörur úr plöntu- og dýraríkinu er að mörgu leiti tengd viðskiptahugmynd 2.4 Vistvæn matargerð.

Í dag framleiðum við einungis 30% af því grænmeti sem er neytt á Íslandi og 1% af ávöxtum. Á höfuðborgarsvæðinu eru margir möguleikar til nýtingar landrýmis og nýtingu hita. Íslenskt grænmeti er að öllu jöfnu gæða grænmeti.

Nýjar vörur: Íslenskt grænmeti hefur verið ræktað um nokkurt skeið og er góð reynsla af því, auka má þó umsvif grænmetisræktunar og prófa sig áfram með ávaxtaræktun. Leggja mætti áherslu á lífræna ávaxtaræktun á höfuðborgarsvæðinu og markaðsetja hana eftir staðsetningu.

Nýir markaðir: Neytendur innlendir og erlendir, matvælaíðnaðurinn, útflutningsiðnaðurinn, veitngiþjónusta,

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Tengja saman matvælaíðnaðinn og ræktendur, reyna að byggja upp sjálfbæra ávaxta og grænmetis ræktun hér á landi.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð
- Rammaáætlun um nýtingu orkulinda
- Umhverfisáætlun

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Veita aðgang að opinberu ræktunarlandi og auðvelda aðgang að orku og vatni.

Græn orka og hreint og kalt vatn

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

5.3 Sjálfbær kæling m.a. fyrir gagnaver

Staða sérstöðunnar nú:

Gagnaver hafa mikið verið í umræðunni síðustu misseri hér á landi. Veðráttan á Íslandi er kjörin fyrir gagnaver, þar sem mikill hiti safnast saman í gagnaverum þarf mikið kalt loft og eða kalt vatn til að kæla þau niður. Einnig eru hitasveiflur ekki taldar góðar. Ísland er því kjörið fyrir gagnasöfn með köldu stöðugu loftslagi og einnig er til mikið kalt vatn sem hægt er að nýta til kælingar.

Nýjar vörur: Tengingar/línutengingar eru til staðar, selja sem græna ímynd til fyrirtækja, orkusala, landleiga, skattar, innviðir, ávinningur af hliðarþjónustu, nýta núverandi tomt húsnæði.

Nýir markaðir: Innland og erlend stórfyrirtæki, opinberar stofnanir

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf m.a. við þá aðila sem bjóða sæstrengstengingar.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð
- Rammaáætlun um nýtingu orkulinda
- Samgönguáætlun, sæstrengir

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

þarf að fá stuðning stjórnvalda

Græn orka og hreint og kalt vatn

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

5.4 Repjuolía til orkuframleiðslu

Staða sérstöðunnar nú:

Repjuolía er unnin úr fræi repju (*rape*), sem er rótarávöxtur náskyldur næpu en ekki nýttur á annan hátt til manneldis. Olían hefur einnig verið nefnd rapsolía, hérlendis og erlendis er hún seld undir nöfnum eins og canola og colza-olía.

Olían er umhverfisvæn, það eru góð vaxtarskilyrði hér á landi og hægt að nýta ónýtt landsvæði til ræktunar.

Nýjar vörur: Minni innflutningur á eldsneyti en er í dag – getum jafnvel hafið útflutning í framtíðinni. Einnig hægt að nýta sem matarolíu.

Nýir markaðir: Bifreiðaeigendur, hópferðabifreiðar, útgerðir, bændur, fjárfestar bæði innanlands og erlendis.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð
- Rammaáætlun um nýtingu orkulinda
- Umhverfisáætlun

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Styrkir til rannsókna og þróunar á ræktun og úrvinnslu.

Græn orka og hreint og kalt vatn

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

5.5 Gæludýrafóður til útflutnings (hreinleiki og ferskleiki)

Staða sérstöðunnar nú:

Miklir möguleikar liggja í framleiðslu gæludýrafóðurs úr góðu hráefni. Nú eru komnar ýmsar reglugerðir um losun fiskiafganga sem eykur framboð á sjávarfangi í landi. Ekki er lengur heimlit að henda fiskafgöngum í sjó eins og áður hefur verið gert og bannað er að setja þetta í niðurföllin. Í dag eru fiskvinnslur að borga háar fjárhæðir til urðunar á fiskafgöngum. Fiskafgangar eru með betra dýrafóðri sem til er.

Nýjar vörur: Gæludýrafóður unnið úr íslensku fiskmeti, þróun umbúða og markaðsetning.

Nýir markaðir: Gæludýraeigendur á innlendum og erlendum markaði.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samvinna við útgerðarfélög um fiskafganga og dýralækna varðandi samsetningu fóðurs fyrir hinar mismunandi dýrategundir.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð
- Hafrannsóknarstofnun og Fiskistofa

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Styrkir til rannsókna og þróunar á dýrafóðri

Þekkingarsamfélagið vísindi, rannsóknir, menntun

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

6.1 Þekkingar samstarf

- 6.1.1 Samstarf innan þekkingarklasa ólíkra greina
- 6.1.2 Tengsl háskóla og framleiðsluiðnaðar

Staða sérstöðunnar nú:

Íbúafjöldi á Íslandi og stærð ætti að geta gert okkur kleift að komast í náið samstarf á milli ólíkra greina og nýta þannig smæð okkar sem styrkleika. Einnig er öflugt háskólastarf á landinu sem ætti að vera auðvelt að tengja atvinnulífinu. Það er ósjaldan að námskeiðshaldarar í háskólum landsins vinni einnig í fyrirtækjum þessi tenging ætti að veita góðan aðgang milli menntastofnana og fyrirtækja.

Nýjar vörur: Auka rannsóknir, auka framleiðni í nýsköpun, öflugt háskólalíf, tenging sprotafyrirtækja og náms, sköpun klasa, frumkvöðlamenntun, miðlun þekkingar, grunnrannsóknir, vöruþróun, breyta hugsun um samstarf fyrirtækja og háskóla með framvirkum þórunarsamningum gera að forgangsverkefni stjórnvalda, samþjöppun háskóla þetta svæði þekkingar-, rannsóknar- og frumkvöðlasetra. Einnig má skoða möguleika þess að vekja áhuga strax á menntaskólastigi fyrir samvinnu við atvinnulífið til að gefa betri mynd af framtíðarmöguleikum.

Nýir markaðir: Atvinnulífið og fjárfestar innanlands og erlendis, sprotafyrirtæki, vísindamenn, námsmenn, háskólasamfélagið innanlands og erlendis

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins: Samstarf menntastofnana og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er hægt að sækja sérþekkingu út fyrir höfuðborgarsvæðið ef þess er þörf.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunnar?

- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð
- Nýmenntasetefna

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Veita stuðning við rannsóknir og til sprotafyrirtækja, auka markvisst þekkingu til þeirra. Auka stuðning við háskólana.

Pekingarsamfélagið vísindi, rannsóknir, menntun

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

6.2 Rannsóknir á nýtingu auðlinda hafsins (lífríki og sjávarföllum)

Þekkingarsamfélagið vísindi, rannsóknir, menntun

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

6.3 Alþjóðlegt menntunar og þekkingarsetur

(aðráttarafi fyrir erlenda vísindamenn og nemendur)

- 6.3.1 Ráðgjöf í jarðskorpu-, orku- og loftslagsmálum,
- 6.3.2 Uppbygging nýsköpunarferla
- 6.3.3 Nýta internetvæðingu þjóðarinnar

Staða sérstöðunnar nú:

Þessa stundina er mikil jarðvirkni á landinu. Eyjafjallajökull er að gjósa og jafnvel er verið að búast við að Katla muni gjósa í framhaldinu. Nú eru vísindamenn í fullri vinnu við að taka sýni, mæla og rannsaka þróun gosins. Sú vitneskja sem verið er að afla nú er mjög mikilvæg og getur verið aðráttarafi fyrir alþjóðlegt menntunar- og þekkingarsetur. Þegar eru nokkrar stofnanir sem bjóða upp á menntun erlendra nemenda en þessi hugmynd gengur út á að aðilar komi á fót nýju og öflugum sameiginlegu alþjóðlegu setri sem dragi hingað fræðimenn og nemendur

Nýjar vörur: Nýta þá þekkingu sem er að verða til í gosinu, búa til þekkingarsetur sem leggur áherslu á gæði Íslands og auka rannsóknir á þeirri sérstöðu sem við höfum. Nýta landið og þekkingu til uppbyggingar alþjóðlegs þekkingarsamfélags. Einnig kom upp sú hugmynd að búa til „sérþekkingu í hugviti“ út frá þeirri þekkingu sem við erum framarlega í þar má nefna kvikmyndir, heilsa, jarðvarmi, fiskur og öryggi. Mikilvægt er að efla áhuga ungmenna á menntun og þekkingu. Ekki væri úr vegi að leggja áherslu á menntun og þekkingu strax í grunn og menntaskóla.

Nýir markaðir: Vísindamenn, háskólasamfélagið innanlands og erlendis, (námsmenn, prófessorar, kennarar) Laða að erlenda fræðimenn og nemendur og bjóða uppá ráðstefnur og gott vísindumhverfi. Háskólar, menntaskólar og grunnskólar.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins: Vinna í samstarfi við innlendar og erlendar mennta- og rannsóknarstofnanir.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð
- Nýmenntastefna

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Veita fjárhagsstuðning og koma á samstarfi milli erlendra og innlendra menntasofnana.

Þekkingarsamfélagið vísindi, rannsóknir, menntun

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

6.4 Nýting áfallaþekkingar

6.4.1 Fjármálareynsla (Hrunið, Icesave) fyrirmynd annarra í úrvinnslu

Staða sérstöðunnar nú:

Það er mikilvægt að vera óhrædd að tala um hrunið og hvaða lærdóm við höfum og erum að draga af því. Hrunið er komið og við verðum að finna lausnir til að komast upp úr þeirri lægð sem liggur yfir landinu núna. Nú þegar hefur verið birt greinagóð skýrsla um tildrög hrunsins. Skýrslan mun geta gefið góða mynd af stöðunni og mikilvægt er að skrá þá atburðarás sem mun nú fara í gang og niðurstöður þeirra.

Nýjar vörur: Góð skrásetning af meginástæðum hrunsins og mikilvægi þess að læra af því. Skoða og fylgjast með þeim lausnum sem mun verða beitt við endurreisnina. Reisa þekkingarsetur með góðri miðlun og markaðsetningu. Framleiða efni t.d. tölvuleiki, fatnað og bækur.

Nýir markaðir: Rannsóknastofnanir, háskólar, alþjóðastofnanir og þeir sem vilja rannsaka kerfisvilluna.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

FME, Lánasýslan, skilanefndir bankana og bankarnir sjálfir. Einnig háskólasamfélagið og skattayfirvöld

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð
- Ferðamálaáætlun

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Samstarf við FME og Seðlabanka Íslands

Lega landsins

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

7.1 Samskipta borg

Staða sérstöðunnar nú:

Lega landsins skapar mikla sérstöðu þar sem Ísland liggur í miðju Atlanshafinu á milli heimsálfunar N-Ameríku og meginlands Evrópu og einn af kostum Reykjavíkur er að vera höfuðborg í friðarlandi. Þar sem Ísland hefur ekki herlið og er ekki umsetið af öfgasamtökum er höfuðborgin hlutlaus og tilvalin til samskipta á milli landa.

Hægt er að bjóða upp á pólitíska og ópólitíska fundaraðstöðu hér á landi þar sem við erum hlutlaust land án ágreinings við aðrar þjóðir.

Nýjar vörur: Markaðsetja legu landsins og hlutleysi þess, bjóða upp á alþjóðlegt samskiptanet sem er stjórnað frá Reykjavík. Hægt er að bjóða upp á góða ráðstefnuaðstöðu m.a. í Hörpunni þegar hún verður tilbúin. Í kringum slíkt ráðstefnuhald eru bæði veitingar, skemtun og gisting sem er góð tekjulind.

Nýir markaðir: Stórfyrirtæki og stjórnvöld sem vilja hittast á hlutlausum stað á miðri leið.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf við ráðstefnuhaldara í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Samgönguáætlun
- Fjarskiptaáætlun

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Utanríkisráðuneytið og sendiráðin gætu verið áhugaverð samstarfsaðilar.

Lega landsins

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

7.2 Nýjar siglingaleiðir

Staða sérstöðunnar nú:

Með hlýnun jarðar getur svo farið að ísinn á norðurslóðum minnki verulega og mun þá opnast fyrir nýja siglingarleið svonefnda norðurleið. Slík opnun mun gefa nýja möguleika fyrir höfuðborgarsvæðið sem samskipta- og þjónustumiðstöð í Norður Atlantshafi. Vinna þarf að enn frekari markaðsetingu fyrir legu landsins og sýna fram á hvaða möguleikar liggja hér á höfuðborgarsvæðinu.

Nýjar vörur: Markaðsetning, viðgerðarþjónusta (skip, flugvélar, tæki), veitingar, rekstarvörur, sala á eldsneyti og geymslusvæði.

Nýir markaðir: Flutningsfyrirtæki í Evrópu, Ameríku, Asíu, stærstu út- og innflytjendur.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Samgönguáætlun, rannsóknir á möguleikum höfuðborgarsvæðisins.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Samstarf við samgöngumálaráðneyti erlendis til að styrkja stöðu okkar.

Lega landsins

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

7.3 Nálægð við alþjóðaflugvöll

Staða sérstöðunnar nú:

Nálægð höfuðborgarsvæðisins við alþjóðaflugvöllinn í Keflavík gefur mikla möguleika í viðskiptum og menningu bæði við Evrópu og N-Ameríku. Reykjavíkflugvöllur styður einnig við þessa hugmynd. Hægt er að skoða þessa viðskiptahugmynd í tengslum við 7.1 Samskipta borg.

Nýjar vörur: Markaðsetning á ráðstefnu- og upplifunarferðum. Blanda saman ráðstefnuhaldi og náttúruskoðun á höfuðborgarsvæðinu. Með tilkomu Hörpunar erum við með góða ráðstefnu og tónleikahöll sem býður upp á mikla möguleika varðandi þjónustu innanlands og erlendis

Nýir markaðir: Ráðstefnuhald, inn- og útfluningur, tónleikahaldarar, menningartengd ferðaþjónusta

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Samstarf við flutningsaðila í flugi og á sjó og einnig þá sem annast menningartengda ferðaþjónustu.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Ferðmálaáætlun
- Samgönguáætlun

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Lega landsins

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

7.4 Tímabelti

Staða sérstöðunnar nú:

Ísland er á tímabelti með Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku (EMEA) sem gerir okkur mjög hæf samskiptalega við lönd innan okkar tímabeltis og fyrir þá sem eru á öðrum tímabeltum og leita samskipta innan okkar marka.

Hægt er að nýta þessa sérstöðu fyrir samskipti fyrirtækja. Hægt er að markaðsetja höfuðborgarsvæðið sem höfuðstöðvar fyrir alþjóðafyrirtæki sem eru með dótturfyrirtæki út um allan heim. Hér á landi er mjög auðvelt að vera í sambandi við flest tímabelti.

Nýjar vörur: Þjónusta við fyrirtæki sem koma hingað til lands, húsnæði fyrir starfsemina, húsnæði fyrir starfsmenn, atvinnuskapandi fyrir þá Íslendinga sem vinna hjá þessum aðilum.

Nýir markaðir: Erlend stórfyrirtæki sem vantar góðan og öruggan samastað fyrir höfuðstöðvar.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Fá þau alþjóðafyrirtæki sem eru hér á landi, t.d. CCP, Marel, Össur, Actavis, Alcoa og Norðurál til að mæla með Reykjavík fyrir höfuðstöðvar fyrirtækja.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Fjarskiptaáætlun

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Hægt væri að fara að dæmi Írlands og Indlands og bjóða upp á skattalækkanir til að draga erlend stórfyrirtæki til landsins.